

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

VEIÐIMÁLASTOFNUN
VESTURLANDSDEILD

REYKJADALSA, BORGARFIRDI
SEIDAATHUGUN HAUSTID 1986

SIGURDUR MAR EINARSSON

VEIÐIMÁLASTOFNUN

EINTAK BÓKASAFNS

VMST-V/87001

VMST-V/87001
Borgarfirði, janúar 1987

Unnið fyrir
Veiðifélag
Reykjadalsár

SEIDAATHUGUN I REYKJADALSA,
BORGARFIRDI HAUSTIÐ 1986

1. INNGANGUR

Að beiðni Veiðifélags Reykjadalssár var seiðakönnun gerð í ánni í byrjun október 1986. Markmið með þessari athugun var að fylggast með árangri fiskræktar á ófiskgengum hluta árinna og seiðaástandi á fiskgenga hlutanum.

Svipaðar athuganir hafa verið gerðar á síðustu árum (Tumi Tómasson 1979, Þórir Dan Jónsson 1983 og Sigurður Már Einarsson 1985).

2. ADFERDIR

Seiðapéttleiki var athugaður með rafveiðum á 6 stöðum í ánni, þar af 1 á ófiskgenga hlutanum. Staðsetning veiðistaða er sýnd á mynd 1.

A hverjum veiðistað var farin ein veiðiyfirferð og við útreikning á seiðapéttleika var fjöldi veiddra seiða umreiknaður á 100 m² botnflatarmál til samanburðar. Heildarpéttleiki var ekki reiknaður þar sem það krefst mun tímafrekari aðferða.

Seiði voru greind til tegundar og sýni af hreistri og kvörnum tekin af hluta aflans til aldursákvæðana.

3. NIÐURSTÖÐUR

3.1 ÓFISKGENGI HLUTINN

A þessum hluta árinna var veitt neðan við foss við Sveinsból, en undanfarin ár hefur í fiskræktarskyni verið sleppt sumaröldum laxaseiðum á þetta svæði, nú síðast 4000 seiðum 1985 og 1000 seiðum 1986. Einnig var hrygningarfiskur fluttur á þennan hluta haustin 1983 og 1984 (Sigurður Már Einarsson 1985).

Alls fundust 3 seiðaárgangar (Tafla 1, Mynd 2) og reyndust seiðin koma úr sleppingunum 1985 og 1986 og einnig fundust tveggja ára seiði (árg. 1984) sem líklega eru árangur af flutningi hrygningarfisks upp fyrir foss árið 1983.


Vöxtur seiðanna (Tafla 2, Mynd 2) bendir til að seiðin nái flest göngustærð eftir tveggja ára dvöl í ánni, en hluti þriggja ára. Þetta er í samræmi við niðurstöður fyrri athugana (Þórir Dan Jónsson 1983).

3.2 FISKGENGI HLUTINN

Péttleiki seiða reyndist mjög misjafn eftir veiðistöðum (Tafla 1, Mynd 2) og má rekja það að mestu til mismunar á botngerð. Þannig voru áberandi flest seiði á grýttum svæðum í ánni fyrir neðan Giljarfoss (Stöð 2), í Rauðsgili (Stöð 4)

MYND 1:

Vatnasvæði Reykjadalssár í Borgarfirði.
Staðsetning rafveiðistaða er sýnd með númerum.



TAFLA 1

FJOLDI LAXASEIDA I EINNI YFIRFERÐ PER 100 M² BOTNFLATARMAL
EFTIR VEIÐISTOÐUM I REYKJADALSA 9. OKTOBER 1986

<u>STOÐ</u>	<u>SVÆÐI</u>	<u>FJOLDI (100 M²)</u>				<u>ALLS</u>
		<u>0+</u>	<u>1+</u>	<u>2+</u>	<u>3+</u>	
1	350	3.1	6.3	0.6	-	10.0
2	330	2.4	7.6	14.5	-	24.5
3	392	1.3	-	0.3	-	1.6
4	462	0.2	5.0	6.3	0.4	11.9
5	320	2.8	-	-	-	2.8
6	200	6.0	7.0	-	-	13.0

TAFLA 2


MEDALLENGDIR LAXASEIDA I REYKJADALSA
9. OKTOBER 1986 EFTIR VEIÐISTOÐUM

<u>STOÐ</u>	<u>0+</u>			<u>1+</u>			<u>2+</u>			<u>3+</u>		
	<u>Ml.</u>	<u>Sd.</u>	<u>n</u>	<u>Ml.</u>	<u>Sd.</u>	<u>n</u>	<u>Ml.</u>	<u>Sd.</u>	<u>n</u>	<u>Ml.</u>	<u>Sd.</u>	<u>n</u>
1	6.4	0.59	11	9.4	1.0	22	14.5	1.1	2	-	-	-
2	3.4	0.17	8	6.9	1.0	25	10.2	0.96	50	-	-	-
3	4.5	0.44	5	-	-	-	-	-	-	-	-	-
4	5.6	-	1	7.6	0.47	23	10.2	1.06	31	12.0	0.2	3
5	6.2	0.78	9	-	-	-	-	-	-	-	-	-
6	5.6	0.43	12	11.5	1.63	14	-	-	-	-	-	-

Ml. = meðallengd, Sd. = Staðalfrávik, n = fjöldi

MYND 2:

Lengdardreifing og aldur laxaseiða í Reykjadalssá 9. október 1986.



og fyrir neðan Klett (Stöð 6), en á þessum svæðum eru góð búsvæði fyrir seiði (Þórir Dan Jónsson 1983). Fá seiði veiddust hins vegar þar sem botn er fingerður og skjól vantar fyrir stærri seiði t.d. fyrir ofan Rauðsgil (Stöð 4) og út við Asgaró (Stöð 5).

Klak fannst alls staðar í ánni en þéttleiki var þó hvergi mikill. Fæst vörgömul seiði fundust í Rauðsgili og líklega hrygnir lax þar ekki, nema e.t.v. mjög neðarlega í ánni. Líklega flytja seiðin sig því upp ána annað hvort frá hrygningarstöðum neðarlega í ánni eða úr Reykjadalásá.

Magn eldri seiða (1+ og 2+) var alls staðar mikið þar sem grjótbötn var til staðar og bendir þetta til að mikið af gönguseiðum fari til sjávar vorið 1987 og er því líklega von á góðri göngu sumarið 1988 af smálaxi.

Vöxtur laxaseiða í ánni er mjög misjafn og eykst mjög er neðar dregur í ánni og var áberandi bestur við Asgaró og Klett (Tafla 2). Gönguseiði eru þannig framleidd á aðeins 2 árum neðst í ánni en 3 árum í efri hlutanum. Vöxtur seiða er t.d. jafngóður eða betri en vöxtur sleppiseiða á ófiskgenga hlutanum. Skýring þessa er vafalaust sú að verulegt magn af heitu vatni fer út í ána á neðri hlutanum og líklega er steinefnainnihald árvatnsins einnig hátt af þessum sökum og mikill áburður berst vafalaust í ána af túnunum, en það eykur frjósemi árinna.

4. UMRÆÐUR

Niðurstöður eru mjög áþekkar því sem áður hefur sést í Reykjadalásá. Ain virðist hafa góð skilyrði fyrir laxaseiði hvað vatnshita og frjósemi varðar og kemur þetta fram í góðum vexti seiða. Það sem helst takmarkar laxaframleiðslu er hins vegar óhentug botngerð og hefur þetta komið vel fram í fyrri athugunum (Tumi Tómasson 1979, Þórir Dan Jónsson 1983). Helsta ráð til úrbóta er að útbúa hentug uppeldissvæði með grjótburði í ána sérstaklega á neðri hlutanum þar sem skilyrðin eru best. Er það því enn á réttað að gerð verði tilraun með grjótkleyslu í ána.

Ófiskgengi hlutinn hefir kjörskilyrði fyrir laxaseiði hvað botngerð og straumlag varðar. Fiskræktaraðgerðir undanfarinna ára hafa beinst að því að nýta þennan árhauta til seiðaframleiðslu með sleppingum sumaralinnna seiða og eins með flutning hrygningarfisks upp fyrir Giljarfoss. Rannsóknir undanfarinna ára hafa sýnt að sleppiseiði vaxa ágætlega og afföll virðast einnig viðunandi á ófiskgenga hlutanum en tilraun með flutning hrygningarfisks virðist hafa mistekist að mestu.

Með hliðsjón af þessu tel ég að auðveldast sé að nýta þetta svæði með sleppingum sumaralinnna seiða og væri hægt að sleppa allt að 10 þúsund seiðum árlega til að gjörnýta beitarsvæðið. Raunverulegur árangur af þessum sleppingum hefur enn ekki verið áþreifanlegur og því er hér mælt með að merkingar verði gerðar á slepptum seiðum til þess að sjá hvernig endurheimtur

verða í stangveiði og þar með fá mát á arðsemi sleppinganna. Hægt er að uggaklippa slík seiði og einnig er möguleiki að litamerkja seiðin með fluorescent litmerkjum. Slík tilraun krefst mikils eftirlits af hálfu veiðiréttseiganda og ekki ráðlegt að í slíkt verði ráðist nema eftirlit með merkjum í afla sé mjög mikið. Þyrfti í raun að skoða hvern einasta fisk sem í ánni veiddist.

5. HEIMILDIR

Sigurður Már Einarsson 1985. Flutningur á laxi upp fyrir Giljarfoss í Reykjadalssá, Borgarfirði. VMST-V/85023. Reykjavík 1985.

Tumi Tómasson 1979. Athugun á Reykjadalssá. VMST-V. Borgarnesi 1979.

Þórir Dan Jónsson 1983. Fiskirannsóknir í Reykjadalssá 1982. VMST-V. Borgarnesi 1983.